

Föstudaginn 15. desember 1989.

Nr. 476/1989. **Ákærvaldið**

gegn

**Helenu Guttormsdóttur.**

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. desember 1989. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Í þinghaldi í sakadómi Akraness 13. þ.m. kynnti héraðsdómari varnaraðila kæru þessa. Varnaraðili kvaðst engar athugasemdir gera við kæruna.

Hin kærða dómsátt var gerð í sakadómi Akraness 1. desember 1989. Sættist varnaraðili þá á greiðslu sektar fyrir brot á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. 102. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, vegna ölvunar við akstur. Jafnframt sættist hún á ökuleyfissviptingu í 12 mánuði.

Magn alkóhóls í blóðsýni, er tekið var úr varnaraðila, mældist 1,27‰. Með vísan til dóms Hæstaréttar í málinu, nr. 59/1988 (Hrd. 1988, 346. bls.) bar að færa brot hennar undir 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. umferðarlaga, sem samkvæmt 102. gr. þeirra laga leiðir til skemmri ökuréttindamissis og lægri sektar en á var sæst. Dómsáttin fær því ekki staðist. Ber að fella sáttina úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

**D ó m s o r ð:**

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

**Sátt, gerð í sakadómi Akraness 1. desember 1989.**

Ár 1989, föstudaginn 1. desember, er dómþing sakadóms Akraness háð í skrifstofu dómsins að Suðurgötu 57 af Jóni Vilberg Guðjónssyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið mál nr. 129/1989: Kæra á hendur Helenu Guttormsdóttur fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: nr. I, skjalaskrá lögreglunnar á Akranesi.

Kl. 11.00 kemur í dóminn kærða Helena Guttormsdóttir aðstoðarkokkur, Bjarkargrund 20, kt. 260663-7399.

Kærðu var kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærða játar að hafa ekið bifreiðinni E 1275 undir áhrifum áfengis 9. júní 1989 um götur Akraness.

Dómarinn skýrir nú kærðu frá því, að í blóðsýni því, sem úr henni var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,27‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærðu að ljúka málinu þannig, að hún fallist á að greiða 20.000,00 króna sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera svipt ökuréttindum í 12 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, en brot hennar þykir efnislega varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. 102. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987.

Kærða samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin fyrir 1.3.1990, en ella sæti kærða í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Kærða samþykkir að greiða málskostnað, 4.500,00 kr., fyrir sama tíma.

Kærðu er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 1.12.1989.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.